



Félagsmálanefnd Alþingis,
Þórshamri.

Reykjavík 14. apríl 2000.

Yfirlit yfir mál kærunefndar frá miðju ári 1991 er nefndin tók til starfa og til dagsins í dag.

Ekki liggja fyrir samantektir yfir einstök mál en þau voru gefin út í sérstökum skýrslum fram til ársins 1997. Hjalagt fylgja 11 eintök af skýrslunni fyrir tímabilið 1995 og 1996 en eitt eintak fyrir tímabilið 1991 og 1992 og tímabilið 1993 og 1994. Þau hefti eru uppurin. Afgreidd mál kærunefndar frá árinu 1997 eru að finna á heimasíðu Skrifstofu jafnréttismála *jafnretti.is*

Efnisflokkun mála, fjöldi brota og kyn kæranda raðað eftir árum:

1991: Kærunefnd afgreiddi fjögur mál, þrjár ráðningar og eina stöðuhækkun. Kærendur voru þrjár konur og einn karl. Í tveimur málum taldi nefndin rétt brotinn á kæranda en í tveimur málum ekki.

1992: Kærunefnd bárust 21 mál, afgreiddi fjögur, fimm voru afturkölluð en 12 var ólokið um áramót. Öll málin varða ráðningu í stöðu. Kærunefnd taldi rétt brotinn á kæranda í einu þessara mála. Einn karl og þrjár konur voru kærendur.

1993: Kærunefnd bárust 11 ný mál á þessu ári, afgreiddi samtals 12 mál, 2 eldri mál voru afturkölluð en einu frestað að beiðni kæranda. Nefndin taldi að réttur hefði verið brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í sex þessara mála. Fjögur þessara mála vörðuðu launajafnrétti kynja, fimm um stöðuveitingu, tvö um vinnuaðstæður, tvö um uppsagnir og eitt mál varðaði félagsaðild og var það jafnframt eina málið sem ekki var vinnumarkaðsmál. Karlar voru kærendur í fjórum þessara mála.

1994: Kærunefnd bárust 12 ný mál og afgreiddi samtals 12 mál. Nefndin taldi að réttur hefði verið brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í átta þessara mála. Tvö þessara mála vörðuðu launamisrétti, sex stöðuveitingu, eitt vinnuaðstæður, tvö uppsagnir og eitt mál varðaði niðurstöðu útboðs. Konur voru kærendur í öllum þessum málum.

1995: Kærunefnd bárust 13 ný mál á árinu og afgreiddi samtals 9 mál og vísaði einu þeirra frá. Eitt mál var afturkallað. Kærunefnd taldi að réttur hefði verið brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í fjórum þessara mála en vísaði einu þeirra frá. Einn karl var meðal kæranda. Tvö mál vörðuðu uppsögn, fjögur mál vörðuðu ráðningu, tvö launamisrétti og eitt úthlutun listamannalauna.

1996: Kærunefnd bárust sjö ný mál á þessu ári. Nefndin afgreiddi 12 mál á árinu. Auk þessara 12 mála var óskað endurupptökuí tveimur málum en því hafnað í báðum

tilvikum. Nefndin taldi rétt hafa verið brotinn á kæranda í fimm af þessum 12 málum. Eitt mál varðaði uppsögn úr starfi en hin 11 vörðuðu ráðningu í starf.

1997: Kærunefnd bærust 12 ný mál á árinu. Nefndin afgreiddi sex mál efnislega, tveimur var vísað frá en þrjú mál voru afturkölluð. Auk þessa afgreiddi nefndin eina beiðni um endurupptöku máls. Fjögur mál voru afgreidd sem vörðuðu ráðningar, eitt sem varðaði launamisrétti og eitt ríkisborgararétt. Konur voru kærndur í öllum þessum málum.

1998: Kærunefnd bærust 11 ný mál. Fjögur þeirra ásamt fjórum frá fyrra ára voru tekin til efnislegrar meðferðar, einu var vísað frá en réttur talinn brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í fimm af hinum sjö. Í málinu, sem var í reynd þrískipt, var enginn kærndi en mál tekið upp með vísun til heimildar í 19. gr. l. 28/1991 en ábending kom frá þingflokki Jafnaðarmanna. Málin skiptust þannig að þrjú mál vörðuðu launamisrétti og fjögur mál ráðningar. Konur voru kærndur í öllum málunum, þar sem kærndur voru.


1999: Nefndinni bærust 22 ný erindi árinu og 7 mál fluttust frá árinu á undan. Nefndin afgreiddi 16 mál og eitt mál var afturkallað. Réttur var talinn hafa verið brotinn á kæranda að hluta eða öllu leyti í 11 málum, einu var vísað frá og í fjórum málum var talið að ekki væri um brot að ræða. Málin skiptust þannig að átta mál vörðuðu ráðningu í starf, eitt mál vinnuáðstæður (kynferðislega áreitni), sex mál vörðuðu launamisrétti og eitt annað. Karlar voru kærndur í fjórum þessara mála, konur í 12 málum.

2000: Kærunefnd hafa borist tvö ný mál á þessu ári en frá síðasta ári eru sex mál óafgreidd. Konur eru kærndur í öllum þessara mála. Eitt þessara mála varða launamisrétti – hin ráðningar. Nefndin hefur afgreitt þrjú mál á þessu ári, allt mál er varða ráðningar, konur voru kærndur í þeim öllum og réttur talinn brotinn á kærndum í öllum málunum.

Dómsmál:

Frá árinu 1991 hefur kærunefnd fylgt átta málum eftir fyrir dómstólum. Í fjórum málum var niðurstaða kærunefndar staðfest af Hæstarétti, í einu máli var niðurstaða kærunefndar staðfest að því er varðar ráðningu en ekki að því er varðaði meint launamisrétti. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu en kærunefnd í tveimur málum. Eitt mál er nú fyrir Hæstarétti en í héraði var niðurstaða kærunefndar staðfest. Í einhverjum tilvikum hafa kærndur sjálfir fylgt málum sínum eftir fyrir dómstólum og í einstaka málum hafa stéttarfélög fylgt málum eftir fyrir þeirra hönd. Vegna fjárskorts er einungis þeim málum sem ætla má að geti haft fordæmisgildi fyrir starf nefndarinnar fylgt eftir fyrir dómstólum eða hagsmunir kæranda metnir þess eðlis að rétt þykir að fá úrlausn dómstóla. Ekkert yfirlit er til um í hve mörgum málum samkomulag hefur náðst milli málsaðila á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar en vitað er að þessu eru einhver dæmi.

Með kveðju,


Elsa S. Þorkelsdóttir.